



Eru smektit og ættingjar óvinir viðloðunarefna? Hafdís Eygló Jónsdóttir, Erla María Hauksdóttir og Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Vegagerðin og Mannvit hf. – mars 2021.

Tilfni þessarar rannsóknar eru að vísbendingar voru um að ákveðins misræmis gætti milli viðloðunar og berggreiningar í nokkrum námum. Í þessari rannsókn er gengið út frá því að ummyndun í sjálfu steinefninu geti haft áhrif á viðloðun steinefnis og að skaðlegar leirsteindir geti dregið verulega úr viðloðun þess. Valin hafa verið steinefni sem hafa farið í viðloðunarpróf. Markmiðið er að sjá hvort hægt er að greina skaðlegar steindir í þessum sýnum með bláma (methylene blue). Notuð verða bæði staðlað blámapróf og þunnsneiðar sem eru litaðar með bláma. Rannsóknin er á frumstigi og nú þegar er lokið stöðluðu blámaprófi á einu sýni. Sýnið var undirbúið á Rannsóknastofu Vegagerðarinnar og prófað Rannsóknastofu Mannvits. Útbúnar hafa verið 16 þunnsneiðar og búið er að lita hluta þeirra. Greining þunnsneiðanna fer fram á þessu ári.